Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 26. okt. 1986.

Vígsla Hallgrímskirkju kl. 10.30.

Árbæjarprestakall
Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardaginn 25. okt. kl. 11. árdegis. Sunnudagur: Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 14. Organleikari Smári Ólason. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja
Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtsprestakall
Bústaðakirkja
Barnasamkoma kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Elín Anna Antonsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Pálmi Matthíasson, Akureyri, predikar. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Æskulýðsfélagsfundur þriðjudagskvöld. Félagsstarf aldraðra miðvikudagssíðdegi. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall
Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Messa fellur niður. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan
Laugardagur 25. okt.: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Messa kl. 11.00 fellur niður vegna vígslu Hallgrímskirkju. Sr. Þórir Stephensen. Messa kl. 14. Dómkórinn syngur. Organleikari Marteinn H. Friðriksson. Sr. Hjalti Guðmundsson.

Elliheimilið Grund
Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Árelíus Níelsson.

Fella- og Hólakirkja
Laugardagur: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 14. Sunnudagur: Barnaguðsþjónusta – kirkjuskóli kl. 11. Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Organleikari Guðný Margrét Magnúsdóttir. Fundur í æskulýðsfélaginu mánudag 27. okt. kl. 20.30. Sr. Hreinn Hjartarson.

Fríkirkjan í Reykjavík
Messa og altarisganga kl. 14.00. Fermdur verður Kristinn Hilmarsson, Silungakvísl 21, Reykjavík. Fríkirkjukórinn syngur. Söngstjóri og organleikari Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja
Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14. Organleikari Árni Arinbjarnarson. Fimmtudagur 30. október kl. 20.30. Almenn samkoma á vegum UFMH. Lofgjörð og fyrirbænir. Kaffisopi á eftir. Sr. Halldór S. Gröndal.

Hallgrímskirkja
Vígsluhátíð Hallgrímskirkju. Messa kl. 10.30. Biskup Íslands, hr. Pétur Sigurgeirsson, vígir kirkjuna og predikar. Altarisþjónustu annast vígslubiskup, sr. Ólafur Skúlason, og sóknarprestar Hallgrímskirkju. Lesarar Hermann Þorsteinsson, Lydia Pálmarsdóttir, dr. Jakob Jónsson og dr. Sigurbjörn Einarsson. Ávörp flytja forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, og Jón Helgason kirkjumálaráðherra. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur ásamt hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Organisti Hörður Áskelsson. Hátíðarsamkoma og setning Prestastefnu kl. 16.00. Mótettukór Hallgrímskirkju flytur kantötuna „Lofa þú Drottin, sála mín" eftir J.S. Bach. Einsöngvarar Margrét Bóasdóttir, Elísabet Waage, Gunnar Guðbjörnsson og Kristinn Sigmundsson. Biskup Íslands flytur setningarræðu prestastefnunnar. Allir velkomnir. Mánudagur 27. okt.: 312. ártíð sr. Hallgríms Péturssonar. Hátíðarmessa kl. 20.30. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson predikar. Sr. Karl Sigurbjörnsson þjónar fyrir altari. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Einsöngvari Margrét Bóasdóttir. Organleikari Hörður Áskelsson.

Háteigskirkja
Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Sr. Tómas Sveinsson. Messa kl. 14. Sr. Arngrímur Jónsson.

Kársnesprestakall
Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11 árdegis. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Sr. Hannes Blandon á Laugalandi predikar. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja
Óskastund barnanna kl. 11.00. Söngur – sögur – leikir. Þórhallur Heimisson og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Pjetur Maack. Sóknarnefndin.

Laugarneskirkja
Laugardagur 25. okt. Guðsþjónusta í Hátúni 10B. 9.h. kl. 11.00. Fræðslufundur um sálgæslu í Safnaðarheimili Laugarneskirkju kl. 14.15–17.00. Tveir norskir sérfræðingar leiðbeina. Öllum heimil þátttaka. Þátttökugjald kr. 300,00. Almenn samkoma kl. 20.30. Per Arne Dahl talar o.fl. Mikill söngur. Sunnudagur: Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Messa kl. 14.00. Altarisganga. **Mánudagur 27. okt.** Æskulýðsstarf kl. 18. **Þriðjudagur 28. okt.:** Bænaguðsþjónusta kl. 18. **Miðvikudagur 29. okt.:** Síðdegiskaffi kl. 14.30 í nýja salnum. Félagar úr æskulýðsfélaginu koma með efni. Sóknarprestur.


Neskirkja
Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15.–17. Guðrún Þórðardóttir o.fl. sjá um efni í tónum, tali og dansi. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. **Sunnudagur:** Barnasamkoma kl. 11. Sr. Frank M. Halldórsson. Messa kl. 14. Fermd verða Lúðvík Hafsteinn Geirsson, Ásbúð 36, Garðabæ, Ragnar Ingibergsson, Sörlaskjóli 7, Stefán Guðjónsson, Lerkihlíð 4, og Þórður Guðjón Þorgeirsson, Granaskjóli 26. Prestarnir. **Mánudagur:** Æskylýðsstarf kl. 20 í umsjá Aðalsteins Thorarensen. **Þriðjudagur og fimmtudagur.** Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17. **Miðvikudagur:** Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson. **Fimmtudagur:** Biblíulestur kl. 20.00. Sr. Frank M. Halldórsson

Seltjarnarneskirkja
Barnaguðsþjónusta kl. 11. Eirný Ásgeirsdóttir spilar á gítar og talar við börnin. Guðsþjónusta kl. 14. Organleikari Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Kaffisopi eftir messu. Opið hús fyrir unglingana á mánudagskvöld kl. 20.30. Verum með. Sóknarprestur.

Fríkirkjan í Hafnarfirði
Barnasamkoma kl. 11. Helgistund kl. 14 í upphafi landsmóts St. Georgs skáta í Hafnarfirði. Sr. Einar Eyjólfsson.

Karólína á Kjarvalsstöðum

Á morgun, laugardaginn 25. október, kl. 14.00 opnar Karólína Lárusdóttir sýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Sýnd verða olíumálverk, vatnslitamyndir og grafíkmyndir. Öll verkin eru unnin á síðasta ári.



Vegurinn, olía á striga eftir Karólínu Lárusdóttur.

Karólína er fædd í Reykjavík 1944. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1964 og hélt þá um haustið utan til myndlistarnáms. Hún útskrifaðist frá Ruskin listaskólanum í Oxford 1967. Veturinn 1976–'77 nam hún við Barking College of Art í London með ætingu sem aðalgrein.

Karólína hefur verið búsett í Englandi síðan 1964 og vinnur þar að list sinni. Kennslu stundaði hún um nokkurra ára skeið og hefur hún haldið fyrirlestra um myndlist víðs vegar.

Þetta er sjötta einkasýning Karólínu. Áður sýndi hún 1982 á Kjarvalsstöðum, 1983 í Chenil Gallery, London, 1984 í Drian Gallery, London, 1984 í Gallery 10, London og 1985 í Gallerie Gammel Strand, Kaupmannahöfn. Einnig hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga. Árið 1980 var Karólína kosin meðlimur í „The Royal Society of Painter–Etchers and Engravers" og síðastliðinn vetur hlotnaðist henni sá heiður að vera valinn félagi.



Valtýr Pétursson myndlistarmaður.


Aukasýning vegna fjölda áskorana

Vegna fjölda áskorana hefur Leikfélag Reykjavíkur ákveðið að endurtaka leikritið Gönguferð um skóginn sem flutt var tvívegis í tengslum við leiðtogafundinn í Reykjavík um daginn. Hér er um að ræða nýtt bandarískt leikrit eftir Lee Blessing um friðarviðræður stórveldanna þar sem aðalpersónurnar eru leiðtogar Bandaríkjamanna og Sovétmanna í afvopnunarviðræðunum í Genf.

Það eru þeir Gísli Halldórsson og Þorsteinn Gunnarsson sem leika Sovétmanninn Botvinnik og Bandaríkjamanninn Honeyman. Efni leikritsins hefur óvenjubeina skírskotun nú, eftir fund þeirra Reagans og Gorbatsjovs hér í Reykjavík en er jafnframt bráðskemmtileg lýsing á þessum tveim mönnum, samskiptum þeirra og vináttu þeirri er með þeim tekst.

Lee Blessing þykir með athyglisverðustu yngri höfundum í Bandaríkjunum. Þetta leikrit hans var frumflutt í júlí í sumar á Eugene O'Neill leiklistarhátíðinni í Waterford í Bandaríkjunum og er hér um að ræða frumflutning verksins í Evrópu. Verkið er flutt í sviðsettum leiklestri í þýðingu Sverris Hólmarssonar. Leikstjóri er Stefáns Baldursson.

Leikritið verður flutt á morgun, laugardag, klukkan 15.00 í Iðnó. Aðgöngumiðaverð er kr. 300.



Þorsteinn Gunnarsson og Gísli Halldórsson fara með hlutverk leiðtoganna í Gönguferð um skóginn.

Tilkynningar



Greifarnir í Garðabæ og Hvalfirði
Í kvöld, föstudagskvöld, spila Greifarnir fyrir unglingana í félagsmiðstöðinni Garðalundi í Garðabæ. Á laugardagskvöldið verða þeir norðanmenn síðan með gleðskap að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd þar sem þeir munu spila hressa danstónlist fólkinu til hita. Sætaferðir í Hvalfjörðinn verða frá Reykjavík, Akranesi og Borgarnesi.

Félag makalausra
Spila- og myndakvöld verður í Mjölnisholti 14 laugardagskvöldið 25. október kl. 21.

Neskirkja
Samverustund aldraðra verður á morgun, laugardag, milli kl. 15 og 17. Guðrún Þórðardóttir og fleiri sjá um efni í tali, tónum og dansi.

Brautskráning kandídata frá Háskóla Íslands
Afhending prófskírteina til kandídata fer fram við athöfn í Háskólabíói laugardaginn 25. október kl. 14. Rektor Háskólans, prófessor dr. Sigmundur Guðbjarnason, ávarpar kandídata en síðan afhenda deildarforsetar prófskírteini. Að lokum syngur Háskólakórinn nokkur lög undir stjórn Árna Harðarsonar. Að þessu sinni verða brautskráðir 105 kandídatar.



Bæklingur um jólaföndur
Út er kominn hjá Föndri sf. í Reykjavík bæklingur um það jólaföndur sem fyrirtækið hefur á boðstólum í ár. Eins og áður eru allir íslensku jólasveinarnir ásamt Grýlu og Leppalúða auk margs annars í bæklingnum. Nær allt efni og hönnun er íslenskt. Hægt er að panta bæklinginn hjá fyrirtækinu sem sendir vörur í póstkröfu *auk þess að taka að sér kennslu stærri* hópa. Tilvalið fyrir félagasamtök og alla þá sem vilja gera jólaskraut og jólagjafir sjálfir.

Fyrirlestur um nóbelsverðlaun og verðlaunahafa
Sunnudaginn 26. október kl. 17 heldur Knut Ahnlund, prófessor frá Svíðþjóð, fyrirlestur í Norræna húsinu. Knut Ahnlund fjallar í fyrirlestri sínum um nóbelsverðlaunin í bókmenntum og hvernig sænska akademían velur nóbelsverðlaunahafa hverju sinni. Hann ætti að vera öllum hnútum kunnugur í þessum efnum, hann hefur átt sæti í akademíunni frá 1983 og hefur auk þess starfað við Nóbelstofnun hennar sem sérfræðingur í bókmenntum frá 1970. Í erindi sínu ræðir Knut Ahnlund einnig um nýjasta nóbelsverðlaunahafann í bókmenntum, Wole Soyinka, og ber þar vel í veiði þar eð hann mun svo til óþekktur hér á landi. Fyrirlesturinn hefst sem fyrr segir kl. 17 á sunnudaginn og eru allir velkomnir.